

2. fundur samstarfsnefndar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Fundur haldinn þann 21. október kl. 17 á bæjarskrifstofum Blönduósbæjar.

Fundinn sátu:

- Jón Gíslason, formaður
- Ragnhildur Haraldsdóttir kom til fundar kl. 18.10
- Þóra Sverrisdóttir
- Einar Kristján Jónsson
- Arnrún Bára Finnsdóttir
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Jón Örn Stefánsson
- Valdimar O. Hermannsson
- Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson frá RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð.

Róbert í gegnum fjarfundarkerfið Zoom

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt samhljóða.

2. Tillaga og álit samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd rifjaði upp fyrirbyggjandi gögn frá fyrri sameiningarviðræðum og ræddi hvaða breytingar eru nauðsynlegar.

Nefndin leggur til að stjórnskipulag nýs sveitarfélags taki mið af þeirri tillögu sem kynnt var í vor. Starfsstöð stjórnýslu verði ein, staðsett á nýjum stað á Blönduósi.

Á Húnavöllum verði Umhverfisakademía og tiltekin verkefni þróunarviðs sem tengist þeirri starfsemi. Þá verði tiltekin verkefni framkvæmdasviðs staðsett á Húnavöllum.

Samstarfsverkefni

Nefndin leggur til að sameinað sveitarfélag sinni sem flestum verkefnum sjálfst og eftir atvikum bjóði öðrum sveitarfélögum að kaupa þjónustu samkvæmt þjónustusamningi. Sveitarfélögin Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Húnaþing vestra hafa til skoðunar samstarf í skipulags- og byggingamálum og þreifingar hafa átt sér stað sér um samstarf við Húnaþing vestra í brunavörnum. Þá er til skoðunar samstarf allra sveitarfélaga í Húnavatnssýslum um sorpmál.

Í fræðslumálum leggur nefndin til að byggt verði á sambærilegum hugmyndum og kynntar voru í vor. Það er að segja að Blönduskóli og Húnavallaskóli sameinist haustið 2022 í eina rekstrareiningu, ef sameining verður samþykkt. Sameinaður skóli verði með tvo kennslustaði og nær óbreytt fyrirkomulag fyrst um sinn. Starfsemin verði sameinuð á einn kennslustað eigi síðar en haustið 2024. Nefndin leggur áherslu á að undirbúningur að sameiningu skóla verði vandaður og í góðu samstarfi við foreldra, nemendur og starfsfólk. RR ráðgjöf falið að undirbúa samráð við starfsfólk.

Skipulag sameinaðs skóla taki mið af þörfum nemenda úr dreifbýli og þéttbýli.

Þá leggur nefndin til að leikskólarnir Barnabær og Vallaból verði sameinaðir í eina rekstrareiningu, en með tvær starfsstöðvar, á Blönduósi og Húnavöllum. Á þann hátt mætti ná fram meiri samlegð í rekstri og mögulega betri nýtingu leikskólaryma.

Mikilvægt er að finna húsnaði á Húnavöllum nýtt hlutverk. Umhverfisakademía er eitt þeirra verkefna.

Fulltrúar Blönduósbæjar kynntu hugmyndir að áhersluatriðum í samskiptum við ríkið og Alþingi. Fulltrúar Húnavatnshrepps munu senda nefndarfólki sínar hugmyndir. Umræðu er frestað til næsta fundar.

3. Kynningarmál og almannatengsl

RR upplýsti um samskipti við Skagabyggð og Skagaströnd um notkun á vefsíðunni hunvetningur.is og efni úr fyrra verkefni. Fari svo að Skagabyggð og Skagaströnd hefji sameiningarviðræður geta þau tekið afrit af vefsíðunni og vistað á öðru léni.

JHF upplýsti um stöðu á uppfærslu heimasíðunnar. Ráðgjafar leggja til að eldra efni verði áfram inni á vefsíðunni til að sýna fram á forsöguna, en gerð verði skýr skil á milli þessa verkefni og fyrra verkefnis.

4. Verkpættir og tímalína verkefnis

Næstkomandi áramót taka ný kosningalög gildi, þar sem gerðar eru breytingar á viðmiðunardagsetningu kjörskrár og utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Þá eru gerðar breytingar á kosningarétti, þar sem norrænir ríkisborgarar og aðrir erlendir íbúar fá kosningarétt fyrir. Umræða um kjördag sameiningarkosninga og ákveðið að miða við 19. febrúar 2022.

5. Umhverfisakademía

Ákveðið að endurvekja verkefnið og skipa nýjan verkefnahóp. Í kjölfarið að senda nýja umsókn inn til Jöfnunarsjóðs.

Á næsta fundi verði skipaður verkefnahópur.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18.55.

Næsti fundur nefndarinnar verður fimmtudaginn 28. október kl. 17 í fjarfundi.

Fundargerðin var lesin upp og staðfest.